

## VIÐAUKI 4

### STARFSNÁMSTÍMI SÉRNÁMSLÆKNA Í HEIMILISLÆKNINGUM Á BRÁÐAEILD LANDSPÍTALA

Viðauki við samkomulag ÞÍH og LSH um menntun lækna í sérnámi í heimilislækningum

1. Sérnámslæknar starfa ekki skemur en fjóra mánuði í bráðalækningum. Fyrir sérnámslækna sem áhuga hafa og/eða stefna á að starfa á landsbyggðinni er í boði allt að 8 mánaða starfsnámstími í bráðalækningum.  
Sérnámslæknir tekur þátt í vöktum á virkum dögum og um helgar: 8-16, 15-00, 12-20 og 22-08
  2. Sérnámslæknir fær úthlutað klíniskum handleiðara á bráðadeild. Í upphafi námsdvalar skulu sérnámslæknir og klíniskur handleiðari á bráðadeild funda til að ræða aðlögun og sameiginleg markmið. Ef þörf krefur er mentor úr heilsugæslunni einnig boðið á upphafsfund/símafund með sérnámslækni og/eða klíniskum handleiðara bráðadeildar. Einnig fundar sérnámslæknir með klíniskum handleiðara sínum um miðbik námsdvalar til að ræða framgang og í lok námsdvalar til að ræða umsögn og námsmat
  3. Kennslustjóri bráðadeildar ásamt klíniskum handleiðara bera ábyrgð á að fylgja sérnámslækni eftir, gera námsmat og taka á vandamálum, ef upp koma í námsdöl (í samvinnu við yfirlækni bráðadeildar og mentor viðkomandi sérnámslæknis ef þörf krefur). Við lok námsdvalar er umsögn og námsmat sent til kennslustjóra sérnáms í heimilislækningum.
  4. Námsmat á bráðadeild fer fram með þremur aðferðum:
    - a. Umræða tilfellis – Case based discussion (CbD). Sérnámslæknir ræðir tilfelli við sérfræðing (eða reyndan sérnámslækna í bráðalækningum), greiningu og meðferð.
    - b. Mat á klíniskri vinnu – Mini Clinical Exam (Mini-CEX). Sérnámslæknir tekur sögu og skoðar sjúkling undir beinu eftirliti sérfræðings (eða reynds sérnámslæknis í bráðalækningum).
    - c. Eftirlit með inngripi – Directly Observed Procedural Skills (DOPS). Sérnámslæknir framkvæmir inngrip undir beinni handleiðslu sérfræðings (eða reynds sérnámslæknis í bráðalækningum).
- Athugið að Mini-CEX og DOPS getur farið fram í hermikennslu og einnig fara fram æfingar og kennsla í hermisetri í ýmis konar öndunaraðstoð ásamt fleiru (samkvæmt lista á bráðadeild)
5. Í fjögurra mánaða starfsnámstíma í bráðalækningum þurfa sérnámslæknar að skila námsmati CbD eða Mini-CEX skv. ofangreindum aðferðum á eftirfarandi vandamálum:
    - a. Bráðaofnæmi
    - b. Móttaka slasaðra og áverkaskoðun – MiniCex
    - c. Sýklasótt
    - d. Meðvitundarskerðing
    - e. Yfirlit
    - f. Öndunarbílun
    - g. Brjóstverkur
    - h. Höfuðáverki
    - i. Lyfjæitrun

Þá skal skila DOPS um eftirfarandi inngrip:

- j. Hreinsun sára og að sauma
  - k. Réttling liðhlaups eða beinbrots
  - l. Grunnatriði öndunarvegameðferðar og slævingar
  - m. Áverkaómun (E-FAST) og einföld hjartaómun
  - n. Uppsetning æðaleggjar
6. Í átta mánaða starfsnáms tíma í bráðalækningum þarf námslæknir að skila námsmati CbD eða Mini-Cex í eftirfarandi atriðum til viðbótar því sem lokið var í fjögurra mánaða starfsnáms tíma:
- a. Móttöku slasaðra og áverkaskoðun – Mini-Cex
  - b. Uppköst, niðurgangur og þurrkur
  - c. Flog-meðferð flogafárs og uppvinnsla vegna fyrsta flogakasts
  - d. Höfuðverkur
  - e. Kviðverkur
  - f. Meltingarblæðingar
  - g. Augnáverkar

Þá skal skila DOPS um eftirfarandi inngrip:

- a. Slævingu
- b. Rafvendingu
- c. Mænustungu
- d. Liðástungu
- e. Áverkaómun
- f. Ómun af ósæð
- g. Hjartaómun til að meta vökva a í gollurshúsi og samdráttargetu vinstri slegils
- h. Ómstýrða uppsetningu æðaleggjar
- i. Einfalda ómskoðun gallblöðru
- j. Tveggja punkta ómun m.t.t. DVT í fótleggjum

16.1.2024